

SAMSTARFSNEFND SKÍÐASVÆÐA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Ár 2016, miðvikudaginn 14. desember var haldinn 356. fundur Samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var haldinn á Höfðatorgi, 3. hæð Arnarholti og hófst kl. 09:05. Mættir: Eva Einarsdóttir formaður, Magnús Örn Guðmundsson Seltjarnarnesi, Björg Fenger Garðabæ, Anný Berglind Thorstensen Kópavogi, Kolbrún G. Þorsteinsdóttir Mosfellsbæ og Pétur Óskarsson Hafnarfirði.

Jafnframt: Magnús Árnason framkvæmdastjóri skíðasvæðanna, Ómar Einarsson sviðsstjóri og Helga Björnsdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lagður fram undirritaður samningur milli sveitarfélaganna um rekstur skíðasvæðanna.
2. Lagt fram bréf bæjarstjóra Seltjarnarnesbæjar dags. 7. desember sl. þar sem fram kemur að fulltrúi Seltjarnarness í samstarfsnefndinni verði áfram Magnús Örn Guðmundsson.
3. Framkvæmdastjóri sagði frá stöðunni í fjöllunum. Byrjað er að ráða inn starfsfólk í lykilstöður. Búið er að kaupa ljósavél í Bláfjöll sem keyrir lyfturnar ef rafmagnið fer.
4. Lagt fram yfirlit um framkvæmdir 2017 – 2019.

Fundi slitið kl. 09:50.

Eva Einarsdóttir

Björg Fenger
Magnús Örn Guðmundsson
Pétur Óskarsson

Kolbrún G Þorsteinsdóttir
Anný Berglind Thorstensen